





Reykjavík, 3. júlí 2025
USK25050403

Kvisthagi 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Kristjáns Pálmars Arnarssonar, dags. 23. maí 2025, um að stækka svalir á 1. og 2. hæð hússins á lóð nr. 10 við Kvisthaga og opna út í garð frá stofu í kjallara (suðurhlið/garðmegin).



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag.



Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Kvisthaga 10 borgarhluta 1 Vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði, Hagar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. júní 1948, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 10 við Kvisthaga er íbúðarhús með fjórum íbúðum, ein í kjallara, 2 á hæðum og ein í risi. Húsið var byggt árið 1954. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að opna út í garð úr kjallaraíbúð, og stækka svalir á 1. hæð og 2. hæð, allt á suðurhlið hússins.

Skoða má stækkun svala og opnun út í garð úr kjallara. Hins vegar þarf að vanda vel til verka og gæta þess að raska ekki byggingarstíl hússins og að stækkun svala sé samt sem áður í jafnvægi við útlit hússins. Skal þar t.d. líta til gluggasetninga.



Reykjavík



Bent er á að þegar sótt er um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni skal samþykki allra eigenda í húsinu liggja fyrir. Þar sem engar teikningar af nýjum svölum fylgja er ekki hægt að taka endanlega afstöðu til málsins en ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar á svölum.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar á svölum og útgönguleið í garð úr kjallara.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík